

1. fundur skólaárið 2013-2014

Skólaráð Oddeyrarskóla 9. október 2013

Mættir: Erlendur Steinar, Lárus Ingi, Kristín Jóh, Marína, Kristín H, Helga V, Sólveig og María.

1. Starfsmannabreytingar í skólanum

- a. Heimir Örn Árnason er nýr íþróttakennari
- b. Guðmundur Þórhallsson mun gegna starfi húsvarðar í u.þ.b. þrjá mánuði meðan húsörður er í veikindaleyfi.

2. Skólareglur Oddeyrarskóla

Umræða um skólareglurnar. Spurningamerki sett við regluna um að ganga alltaf hægra megin. Í raun hefur þessari reglu ekki verið fylgt eftir og ekki talið vandamál. Lagt til að taka þetta út úr reglunum.

Rætt var um símanotkun nemenda í skólanum. Almennt eru símar í töskum í kennslustundum, nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess. Nú er notkun ekki leyfileg í hádegismatnum, en leyfileg á öðrum stundum í matsalnum. Ákveðið að leggja til að notkun verði ekki leyfileg í matsalnum almennt.

Kristín J bætti við á dagskrána umræðu um nemendanet. Segir hún jafnframt frá samningi sem útbúinn hefur verið varðandi aðgang að þessu neti (fyrir nemendur á unglíngastigi). Þetta aðeins rætt fram og til baka, hvort þörf sé á þessum samningi eða ekki. Talið mikilvægt að kynna foreldrum þetta með formlegum hætti. Ákveðið að prófa þetta og sjá svo til hvernig þetta gengur.

Rætt um reglur varðandi hjólreiðar í skólann. Ábendingar og óskir hafa komið frá foreldrum að breyta þeirri reglu að börn þurfi að vera komin í 4. bekk til að mega hjóla í skólann. Umferðarreglur segja að börn yngri en sjö ára mega ekki hjóla ein úti í umferðinni. Skólaráð leggur til að farið verði eftir þeim reglum og afnemna núverandi reglu. Áfram þarf að halda þeirri reglu uppi að hjól séu geymd á viðeigandi stöðum/hjólavæðum á skólatíma.

3. Skólanámskrá Oddeyrarskóla kynnt og rædd lítillega. Fólki list almennt vel á. Nefndarmenn hvattir til að skoða hana aftur fyrir næsta fund.

4. Starfsáætlun Oddeyrarskóla

KJ kynnti starfsáætlunina sem enn er í vinnslu. Reynt að ljúka við vinnu hennar í þessum mánuði. Starfsáætlun Oddeyrarskóla er hugsuð fyrir foreldra og m.a. unnin upp úr skólanámskránni. Starfsáætlun verður sett á heimasíðu skólans þegar hún verður tilbúin. Þessi áætlun verður endurskoðuð á hverju ári, en skólanámskráin gildir til lengri tíma.

5. Ný heimasíða

Nýja heimasíðan rædd og er almenn ánægja með hana. Þó vantar frekari upplýsingar um Frístund, en unnið er í því. Heimasíðan er hreinleg og auðvelt að finna allar upplýsingar.

6. Önnur mál

- a. Rætt um að áframahaldandi fækkun verði á nemendafjölda í skólanum. Hvað er hægt að gera í því?
- b. Rætt um snjómokstur og mikilvægt að gangastéttirnar séu í forgangi, svo börnin geti gengið örugg í skólann. Sagt frá því að stjórn foreldrafélagsins hafi farið með formlegt

erindi til framkvæmdadeildar fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan vegna þessa. Rætt um að skólaráðið muni setja saman ályktun varðandi snjómokstur og senda til framkvæmdadeildar.

- c. Aðeins talað um fjölda skipulags- og starfsdaga í skólanum. Þetta er bundið í kjarasamninga og ber að fara eftir því. Faglegt starf í skólanum fer fram á þessum dögum.

Næsti fundur 6. nóvember, kl. 8:10